

## Vinnufyrirkomulag og vaktaskipulag hjá Hafnarfjarðarhöfn

- Þrír starfsmenn: Ágúst Ingi Sigurðsson, Hálf dán Hjalti Hálf dánarson og Kristján Sigurður Pétursson, munu bera ábyrgð á hafnsögu, stjórna umferð skipa um höfnina og ákveða legustað og færslur innan hafnarinnar. Hver þeirra tekur vikuvakt í senn og er þá jafnframt á bakvakt með sólarhrings vaktsíma. Vakthafandi hafnsögumaður annast einnig almenn skrifstofustörf og önnur stjórnunarstörf í umboði hafnarstjóra. Utan hafnsöguvaktar sinnir hafnsögumaður almennum hafnarstörfum og aðstoðar við þjónustu og skrifstofustörf eftir þörfum.
- Tveir starfsmenn, Kristján Skaftason og Roland Bucholz, bera ábyrgð á skipstjórn hafnsögubáta og skipta með sér vikuvakt. Þeir vinna í samstarfi við vakthafandi hafnsögumann og bera ábyrgð á verkstjórn á útisvæðum og mönnun við komu og brottfarir skipa, og almenn hafnarstörf.
- Hafnsögumenn og skipstjórnar skipta með sér tveimur bakvöktum í viku í senn. Vaktir eru frá 16.00 til 07.30 á virkum dögum og sólarhringsvaktir um helgar og á hátíðardögum.
- Aðrir starfsmenn hafnarinnar sinna almennum hafnarstörfum, vigtun og öðrum sérhæfðum störfum eftir menntun sinni sem skipstjórar eða vélstjórar eins og þörf er á hverju sinni. Þeir skipta með sér einni bakvakt í viku í senn sbr. ofanskráð og einni kvöldvakt sem stendur frá kl. 15.30 til 23.00 á virkum dögum og frá kl. 08 – 16 um helgar.
- Skrifstofufulltrúi annast afgreiðslu og almenna þjónustu á hafnarskrifstofu auk þess að hafa umsjón með reikningsgerð og yfirferð og skráningu innsendra reikninga.
- Nánari útlistanir einstakra starfa koma fram í samþykktum starfslýsingum um öll áður nefnd störf. Starfsmat fer fram á þeim störfum þar sem um breyttar starfslýsingar er að ræða.
- Þessar tillögur um breytt vinnufyrirkomulag og vaktaskipulag eru unnar í samráði við starfsmennog voru kynntar formlega á starfsmannafundi 23. ágúst 2018.
- Uppsaganrákvæði gildandi vinnuskipulags og vaktafyrirkomulags hjá hafnsögumönnum og skipstjórum eru þrír mánuðir talið frá og með 1. september. Nýtt fyrirkomulag tekur formlega gildi frá og með 1. desember 2018 og frá og með þeim tíma fellur úr gildi áður samþykkt vinnufyrirkomulag sem tók gildi 1. maí 2016.
- Breytt dagvinnuskipan í samræmi við óskir starfsmanna sem kynntar hafa verið starfsmannahaldi Hafnarfjarðarbæjar verða í gildi til reynslu frá og með 1. desember til 31. nóvember 2019. Ef ekki koma fram almennar óskir um að breyta í fyrra horf, helst ný dagvinnuskipan óbreytt.

*Hafnarfirði 27. ágúst 2018*

---

*Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri*